

Nína og Skúli að Kjarvalsstöðum. Í forgrunninn er sonur Nínu, sem heitir Smári. Morgunblaðið/Árni Sæberg.

Rætt við systkinin Nínu Gautadóttur myndlistarmann, sem nú er að sýna málverk á Kjarvalsstöðum, en sýningunni lýkur um helgina og Skúla Gautason, sem var að ljúka námi úr Leiklistarskóla Íslands og leikur nú í leikriti Moliéres, Tartuffe.

KANNSKI EIGUM VIÐ EFTIR AÐ VINNA SAMAN

Bjallan er biluð, gjörið svo vel að berja að dyrum. Miða með þessum orðum hefur verið nælt í gardínuna. Þegar barið er kemur Elín Guðjónsdóttir, móðir þeirra Nínu og Skúla, til dyra og vísar gestinum inn í stofu þar sem systkinin sitja innan um ótal rósavendi. Hvers vegna eru öll þessi blóm hér, er spurt?

„Mamma varð sextug, Skúli bróðir minn útskrifaðist úr Leiklistarskóla ríkisins og frumsýningin var á leikriti skólans, Tartuffe, og ég opnaði málverkasýninguna á Kjarvalsstöðum — allt gerðist þetta sömu helgina," segir Nína.

— Voruð þið búin að ákveða að halda upp á þessa atburði sameiginlega?

„Nei, þetta er tilviljun," segir Nína og lítur á bróður sinn Skúla, sem situr á móti henni með krosslagða fætur.

„Já, þetta er bara tilviljun," undirstrikar Skúli.

— Er það líka tilviljun að þið systkinin hafið bæði lagt listagyðjunni lið?

„Við eigum svo sem ekki langt að sækja þetta," segir Nína og brosir. „Mamma er leikari að mennt, útskrifaðist úr Leiklistarskóla LR og pabbi var handavinnukennari."

„Listnáminu var samt aldrei haldið að okkur," segir Skúli. „Okkur var stefnt í hagnýtt nám.

Þegar mamma heyrði að ég hefði í hyggju að fara í leiklistarskólann latti hún mig fremur en hvatti. En ég sogaðist samt einhvern veginn inn í þetta. Áður en ég fór í leiklistarskólann vann ég sem forritari hjá Essó og ég held að ég hafi verið sæmilegur forritari. En mér fannst eitthvað vanta, sem hafði með manneskjuna að gera, eitthvað með holdi og blóði. Til þess að nálgast hana var ég farinn að semja ljóð á tölvuna. Mér fannst ég verða að gera eitthvað í þessu annars yrði ég brjálaður. Þá ákvað ég að fara annaðhvort í læknisfræði eða leiklist."

„Ég fór líka fyrst í hagnýtt nám eða í hjúkrun," segir Nína og ég sé ekkert eftir því. Það er gott að fá atvinnu við það starf. En ég átti mér alltaf þann draum að fara til Parísar að læra frönsku og fara í listnám. Fyrst eftir að ég kom út vann ég sem einkahjúkrunarkona hjá ríku fólki, barónum og greifum. Loks pukraðist ég í inntökupróf í Listaháskóla Parísar, Ecole Nationale Supérieure des Beaux-Arts. Ég vildi ekki láta neinn vita um þennan ásetning minn. Þaðan útskrifaðist ég svo árið 1976 úr málaradeild."

— Hér þekkir fólk þig af vefnaðinum.

„Já, ég fór í framhaldsnám í vefnaði og skúlptúr, þegar ég hafði villst inn í vefnaðarvinnustofu í skólanum og með vefnaðinn þreifaði ég mig áfram í nokkur ár.

Ég lærði upphaflega þennan hefðbundna myndvefnað. En ég fann fljótlega að ég hafði ekki þolinmæði til að stunda hann og fór að vefa stórar þrívíddarmyndir úr grófum efnum eins og snæri, bindigarni, trollgarni og koparþræði."

„Ég man, þegar ég kom að heimsækja Nínu til Parísar á þessum árum og sá hana við vinnu þá brá mér. Þarna stóð hún með stóran meitil og barði vefinn til að þétta hann. Þetta voru engin smáátök," segir Skúli.

„Já, ég notaði skúlptúráhöld við vefnaðinn," segir Nína.

— Þú hefur væntanlega ekki getað notast við venjulegan vefstól?

„Nei, ég bjó til sérstakan stól úr vatnspípum, sem ég festi á vegg og setti uppistöðuna á milli röranna.

Þegar ég sýndi teppin, sem voru mörg af stærðinni 2,50x2,0 m, þurfti marga karlmenn til að hengja þau upp. Eg seldi öll teppin strax, bæði hér heima og úti. Þetta var svo uppörvandi," segir Nína og hnykkir höfðinu til áhersluauka svo ljósrautt hárið þeytist í allar áttir líkt og hvítar eldtungur á snarkandi báli.

— En svo flyst þú til Níger og snýrð þér að leðrinu?.

„Já, þá var ég búin að fá nóg af vefnaðinum. Þetta er svipað því að verða ástfanginn, maður verður svo upptekinn af því, en svo líður það hjá," segir hún og hlær.

„Í Níger uppgötvaði ég hirðingjaþjóðflokk, blámenn, ekki svertingja, afskaplega fallegt og tignarlegt fólk, sem býr í stórum tjöldum úr leðri, sem eru borin uppi af trjástofnum. Þau ferðuðust á úlföldum og þau bjuggu til fallega hluti úr skreyttu leðri, konurnar klæddust dökkbláum leðurkuflum og báru silfurskartgripi.

Ég fór heim til þessa fólks með teikningar af hlutum, sem ég hugðist láta vinna fyrir mig. Ég útskýrði fyrir þeim lengi og vel hvað ég vildi og þau sögðust skilja mig. Skilningurinn náðu þó ekki lengra en svo að þegar ég fór spurðu þau hve marga púða ég vildi. Svo fór að ég útfærði teikningarnar sjálf. Ég sýndi þessi verk árið 1983 og fékk góðar undirtektir."

— Og nú hefur þú dvaldið í Kamerún að undanförnu og ert farin að mála.

„Já, ég hef dvalist í Kamerún síðan í október. Eiginmaður minn, sem er byggingaverkfræðingur, er að byggja þar 18 hæða ráðuneytisblokk í höfuðborginni Yaounde.

Umhverfið er ekkert sérlega myndrænt," segir Nína, þegar við spyrjum um staðhætti. „Frumskógur svo langt sem augað eygir og borgin sjálf ber vitni um lélegan evrópskan smekk.

Þarna er alltaf sama hitamollan. Innfæddir tala um stóru og litlu þurrkatíð og stóru og litlu regntíð. Þegar kemur sólargeisli þá hleypur maður til og breiðir út þvottinn, sem annars myglar. En ég hef verið dugleg að vinna þarna.

Annars byrjaði ég á málverkinu áður en ég fór til Afríku. Ég hætti að bjóða fólki heim og lagði undir mig stofuna og þar gerði ég stærstu myndirnar á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Mér finnst alltaf gott að gera stórar myndir."

„Segðu henni ástæðuna fyrir því að það eru ekki fleiri stórar myndir á sýningunni," skýtur Skúli inn í.

„Æ, já, það var þannig, að ég hafði haft með mér tvo blindramma af stærðinni 65X85 til að sýna smiðunum þarna. Jú, þeir komu og skoðuðu rammana og ég pantaði hjá þeim stærri ramma. En alltaf beið ég og aldrei komu rammarnir á meðan notaðist ég við þá litlu. Seint og síðarmeir komu þó rammarnir. Svona er þetta stundum í Afríku."

— Ég heyrði einhvers staðar að þú hefði verið búin að gera aðrar myndir, sem eyðilögðust?

„Já, ég hafði gert klippimyndir úr pappakössum. Ég hafði verið að flytja og átti því mikið af stórum pappakössum, sem ég fékk mig ekki til að henda og vildi nýta þá einhvern veginn. Við lifum í svo miklu neysluþjóðfélagi," segir Nína og stynur. „En þessar myndir eyðilögðust allar, þegar sprungu hjá okkur vatnsleiðslur meðan við vorum á ferðalagi."

— Það hefur þér auðvitað þótt slæmt?

„Nei, ég var óánægð með þær hvort sem var."

— Hvað ertu að segja í þessum nýju myndum þínum?

„Ég hélt sýningu í Kamerún á myndunum. Svertingjarnir heimtuðu útskýringar, þeir skildu ekki hvað ég var að gera. En þetta eru sennilega bara áhrif frá náttúrunni — roki, sjó og næturkyrrð — líklega heimþrá, sem er að brjótast út."

— Skúli, hefur þú heimsótt Nínu til Afríku?

„Nei, ekki ennþá, en mig langar til þess."

„Það er ekkert gaman fyrir þig að koma til Kamerún," segir Nína, „þú kemur til mín ef við förum á einhverjar skemmtilegri slóðir."

— Finnst þér Skúli hafa breyst frá því þú sást hann síðast, Nína?

„Já, hann er yfirvegaðri, eins og hann sé alltaf að hugsa um eitthvað. Kannski er hann bara ástfanginn," segir Nína og gýtur augunum stríðnislega á bróður sinn.

— Þér líður vel í því sem þú ert að gera, Skúli?

„Já, ég hef alltaf verið skotinn í